



Skotípróttatíping Skotípróttasambands Íslands 17. maí 2008.

Þingið er haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Fundargerð Skotþings Skotípróttasambands Íslands.

Þingsetning.

Jón S. Ólason setur þingið í förföllum starfandi formanns. Fyrirverandi formaður STÍ, Steinar Einarsson, sagði af sér formennsku á stjórnarfundi í feb. sl. Halldór Axelsson varaformaður tók við formennsku, en hann hefur boðað förföll.

Kosning Kjörbréfanefndar.

Tillaga er um:
Hilmar Á. Ragnarsson, SR
Þorsteinn Lýðsson, SFS
Bergþór Pálsson

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Kosning þingforseta og þingritara.

Tillaga eru um Axel Sölvason sem þingforseta og Kjartan Friðriksson sem þingritara.

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Þingforseti tekur við stjórn þings og þakkar traustið sem honum er sýnt.

Kosning starfsnefnda þingsins.

Tillaga liggur fyrir um eftirfarandi í starfsnefndir þingsins:

Fjárhagsnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR
Sigurgeir Arnþórsson, ÍFL
Gyða Árnadóttir, SA

Laganefnd:

Hilmar Á. Ragnarsson, SR
Ástþór Helgason, SÍH
Hermann Kristjánsson, SR

Allsherjarnefnd:

Jón S. Ólason, SKA
Jórunn Harðardóttir, SR
Kjartan Friðriksson, SR

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Starfandi varaformaður, Jón S. Ólason, flytur skýrslu stjórnar fyrir hönd Halldórs Axelssonar:

Ágætu félagar.

Ég tók við af Steinari Einarsyni sem formaður í byrjun febrúar á þessu ári og vil ég fyrir hönd stjórnar bera honum þakki fyrir hans störf.

Hér verður stiklað á stóru um störf stjórnar og framvindu mála frá síðasta þingi.

Það mál sem mun hafa einna mest áhrif á starfsemi okkar í framtíðinni eru ný vopnalög sem eru nú í undirbúningi. Hefur stjórnin unnið hugmyndavinnu og tillögugerð til nefndar Dómsmálaráðuneytis vegna laganna og sendi STÍ aðildarfélagunum hugmyndir að breytingum á núgildandi lögum, og bárust okkur fjöldi svara sem höfð eru til hliðsjónar í tillögugerðinni. Fulltrúi STÍ í nefndinni er Jón S Ólason stjórnarmaður.

Störf nefndarinnar ganga vel og er áætlað að hún ljúki störfum síðar á þessu ári.

Það er síðan undir Alþingi komið hvort þær tillögur sem við leggjum til, nái fram að ganga.

Vegna umræðu um uppsetningu Íslands og Bikarmóta hefur stjórnin athugað breytingar og verður þetta mál kynnt síðar á þinginu.

Uppbygging aðildarféлага STÍ er í miklum blóma, bæði hvað varðar verklegar framkvæmdir og íþróttastarf.

Stærsta byggingar-framkvæmdin er stórglæsilegt skotsvæði SR í Álfnesi sem verður formlega oppnað í sumar, einnig má nefna viðbót við félagsaðstöðu SÍH og bætta aðstöðu hjá Dreka í Fjarðarbyggð.

Hvað varðar uppbyggingu íþróttastarfs innan féлага er athygliverð aukning iðkenda í loftskammbyssu, og munar þar mest um gott starf og mikinn áhuga hjá Skotfélagi Akraness.

Skráningar í mót á síðasta keppnistímabili voru um 600 og er það þó nokkur aukning frá tímabilinu á undan.

Rekstur skrifstofu STÍ hefur verið með miklum ágætum, og hefur nú fengist meira framlag til reksturs, þannig að það ætti að vera hægt að minnka þá sjálfböðavinnu sem framkvæmdastjóri sambandsins hefur lagt fram.

Vil ég sérstaklega þakka Guðmundi kr. Gíslasyni fyrir hans góðu störf.

Af árangri keppnismanna, ber hæst stórglæsilegan árangur Ásgeirs Sigurgeirssonar. Hann sigraði á öllum mótum sem hann tók þátt í innanlands jafnt í loftskammbyssu sem fríbyssu auk þess sem hann sigraði í loftskammbyssu á Smáþjóðaleikum og stóð sig með þriðji á Evrópumeistaramótinu í sömu grein. Einnig bætti Ásgeir Íslandsmetið í loftskammbyssu bæði með og án final.

Mörg Íslandsmet voru sett í kúlugreinum á síðasta tímabili og er það til vitnis um þann kraft sem hefur verið í starfi félaganna á undanförunum árum.

Í skeet hafa Íslandsmet látið á sér standa og árangur verið í meðallagi, kynslóðaskipti hafa verið í greininni og eru keppnismenn dagsins í dag loks að öðlast þá reynslu sem þarf til að slá eldri met. Þess til vitnis er ágætur árangur landsliðsmannanna Arnar Valdimarssonar og Sigurbórs Jóhannessonar er þeir lentu í 7. Og 9. Sæti á alþjóðlegu móti í Danmörku um síðustu helgi.

Stefnt var að þáttöku á ÓL í Peking og sótti STÍ um wilde-card fyrir loftskammbyssu,

þar sem Ásgeir Sigurgeirsson hafði náð MQS lágmarki og átti möguleika á keppnisrétti.

Einungis 11 skotmenn í öllum greinum komast á leikana með wild-card rétti, en umsóknir sem teknar voru til greina, þar á meðal okkar voru yfir 100.

Að þessu sinni var umsókn okkar hafnað.

Stefnan er að sjálfsögðu sett á næstu leika í London 2012 og teljum við okkur eiga raunhæfa möguleika á að ná sæti án MQS.

Til að þessi árangur náist er ljóst að keppnismenn okkar verða að keppa oftar á sterkum mótum erlendis og er eitt af verkefnum stjórnar að auka það fjármagn sem að lagt er í landsliðsmál.

Þrátt fyrir að aldur til iðkunar skotíþróttu hafi lækkað fyrir nokkrum árum, er enn langt í land að alvarlegt unglingsstarf sé hafið í íþróttinni. Og er það eitt af okkar markmiðum að nýta okkur þá möguleika sem fyrir hendi eru til að efla unglingsstarfið.

Að lokum biðst ég velvirðingar á fjarveru minni og þakka Jóni fyrir að leysa mig af hólmi.

Bestu Kveðjur
Halldór Axelsson

Gjaldkeri leggur endurskoðaða reikninga fram til samþykktar.

Guðmundur Kr. Gíslason gjaldkeri STÍ tekur til máls og gerir grein fyrir reikningum sambandsins með skjávarpa. Fram kemur m.a. að staða sambandsins fer batnandi og tiltekur hann nokkra tekjuliði þess. Guðmundur segir STÍ standa á traustum grunni. Guðmundur ræðir einnig um m.a. væntanleg mót á erlendri grund á næsta tímabili og tekur fram að framvegis verða keppendur ekki einungis sendir til að taka þátt, heldur til að ná árangri.

Þingforseti ber reikningana upp til samþykkis.

- Reikningarnir eru samþykktir samhljóða.

Stjórn STÍ leggur fram Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Guðmundur Kr. Gíslason gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun stjórnar næsta árs og skýrir hana. Hann telur mikilvægt að skila góðu búi í lok starfsárs.

Tillaga um fjárhagsáætlun stjórnar STÍ 2008.

Fjárhagsáætlun stjórnar STÍ 2008

GJÖLD:		Krónur
	Þjálfun, kennsla, námskeið	600.000
	Skrifstofukostnaður	2.000.000
	Þátttaka í erlendum mótum	1.800.000
	Útgáfa kynningarefnis	200.000
	Annað ófyrirséð	400.000
		5.000.000
TEKJUR:		
	Lottó	1.000.000
	Útbreiðslustyrkur	900.000
	ÍSí styrkur skrifstofu	2.000.000
	Styrkir v. landsliðs	300.000
	Íþróttasj. styrkur v. kynningar	200.000
	Ýmsar tekjur	600.000
		5.000.000
TEKJUAFGANGUR		0

- Tillögunni er vísað til Fjárhagsnefndar sem þingskjali nr. 5.

Tillaga um keppnis- og félagaskiptagjald STÍ.

Guðmundur Kr. leggur fram tillögu frá stjórn STÍ um óbreytt gjöld frá fyrra ári og eins að unglingar séu undanþegnir keppnisgjaldi, og eru aðildarfélögin einnig hvött til að fella niður keppnisgjöld unglinga. Keppnisgjald kr. 1,000 fyrir hvern keppanda á STÍ móti Félagaskiptagjald kr. 3,000

- Tillögunni er vísað til Fjárhagsnefndar sem þingskjali nr. 1.

Tillaga um breytt fyrirkomulag móta hjá STÍ.

Guðmundur Kr. Gíslason leggur tillöguna fram.

BIKARMÓT

Það verði eitt Bikarmót í lok tímabils og þar verði krýndur Bikarmeistari í hverri grein. Horfið verður frá fyrra fyrirkomulagi þar sem samanlagður árangur bestu móta að viðbættu Bikarmótinu ráði titlinum. Með þessu er verið að færa Bikarmótið í átt að svipuðu formi og viðgengst í allflestum íþróttagreinum.

ÍSLANDSMÓT

Íslandsmótin taki yfir það fyrirkomulag sem ríkt hefur á Bikarmótinu þ.e. árangur tímabilsins á 3 bestu mótunum að viðbættu sjálfu Íslandsmótinu ráði því hver hlýtur Íslandsmeistaratitilinn yfir heildina. Áfram verði krýndir Íslandsmeistarar í hverjum flokki fyrir sig, þar sem eingöngu árangur á Íslandsmótinu ráði úrslitum.

Í skotgreinum þar sem keppt er í færri en 3 mótum fyrir Íslandsmót verði eingöngu árangur á Íslandsmótinu sjálfu látinn ráða krýningu Íslandsmeistara.

Hugmyndin að baki þessu er að í umræðum er ávallt litið á Íslandsmeistaratitilinn sem krýning á besta skotmanninum en við sem þekkjum til mála vitum að Bikarmeistarinn hefur verið sá sem bestum árangri hefur náð á tímabilinu og því talinn bestur.

LANDSMÓT

Óbreytt fyrirkomulag verður á þeim en telja nú til Íslandsmeistaratitils.

Ég legg til að þetta fyrirkomulag verði lagt fyrir Skotþing 2008 og stjórn STÍ verði falið að útfæra þessar hugmyndir og hrinda þeim í framkvæmd á næsta keppnistímabili í innigreinunum og svo í haglabyssunni sumarið 2009.

- **Tillögunni er vísað til Alsherjarnefndar sem þingskjali nr. 3.**

Þingforseti býður gest þingsins, Friðrik Einarsson, velkomin og gefur honum orðið.

Friðrik, sem er tengiliðir STÍ inn í Íþróttahreyfinguna, tekur til máls og ber þingheimi kveðjur ÍSÍ.

Hann tekur fram að hann sé tengiliður STÍ við ÍSÍ og að hann sé í góðu sambandi við Guðmund Kr. Gíslason, framkvæmdastjóra. Hann ræðir heimasíðu STÍ og lýsir ánægju sinni með hana og hve fréttaflutningurinn sé einfaldur og markviss eins og á að vera. Hann vonaðist til að skotmaður keppti á ÓL 2008, en því miður eru ekki líkur á því í þetta sinn. Hann ræðir árangur Ásgeirs Sigurgeirssonar og viðtal sem tekið var við hann í sjónvarpi og telur það hafi verið mjög gott. Hann ræðir ýmis mál sem eru á dagskrá, s.s. starfið hjá STÍ næsta tímabil og væntanlega breytingu vopnalaga. Þá ræðir hann ferðakostnað sem sé niðurgreiddur og að leggja áherslu á afreksstarfið í skotiþróttum og minnir á Ásgeir, sem þegar hefur vakið verðskuldaða athygli. Friðrik segir afreksfólkið ávallt draga vagninn og það verði að styðja við það fólk. Hann tekur fram að reikningar sambandsins séu góðir og að hann hafi ekki áhyggjur af skotiþróttafólki með þessu áframhaldi. Friðrik þakkar að lokum Steinari Einarssyni vel unnin störf og óskar stjórn STÍ velfarnaðar.

Tillaga um kærugjald.

Tillaga frá stjórn STÍ um að kærugjald samkvæmt 12.grein laga STÍ fylgi reglum Alþjóða Skotsambandsins, ISSF.

Þar er kærugjald þannig:

Fyrir kæru (protest) US\$ 25

Fyrir áfrýjun (appeal) US\$ 50

Gengi Seðlabanka Íslands þann dag sem kæra er lögð fram, gildir við uppgjör.

- **Tillögunni er vísað til Alsherjarnefndar merkt þingskjal nr. 2.**

Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir störfum sínum.

Kjörbréf aðildarfélagana eru lesin upp af formanni nefndarinnar, Hilmarí Ragnarssyni SR, og les hann upp nöfn þingfulltrúa.

- **Formaður Kjörbréfanefndar lýsir kjörbréfin lögleg.**

Jón S. Ólason gerir grein fyrir tillögu sem liggur fyrir þinginu.

Tillagan er frá Einari Guðmann um verklega þáttinn varðandi skotvopnaleyfin.

Verkleg próf fyrir verðandi veiðikorthafa

Umhverfisstofnun tók við umsjón skotvopnanámskeiða með samingi við Ríkislögreglustjóra árið 2003. Frá árinu 1995 hafði Veiðistjóraembættið sem síðar varð Umhverfisstofnun haldið svonefnd veiðikortanámskeið fyrir verðandi veiðimenn. Í kjölfar samningsins við Ríkislögreglustjóra var útbúið námsefni fyrir þá sem fóru á skotvopnanámskeið og námskeiðin samræmd og stöðluð yfir landið. Veiðikortanámskeiðin héldu hinsvegar óbreyttu formi þar til sl haust þegar byrjað var að kenna samkvæmt nýju kennsluefni og námskeiðið lengt um tvo klukkutíma.

Í dag er unnið að gerð gagnagrunns með spurningum og kennsluefni fyrir þá sem hyggjast sækja veiðikortanámskeiðin og er markmiðið að opnað verði fyrir spurninga-gagnagrunn á vefnum sem verðandi veiðimenn og núverandi veiðimenn geta prófað þekkingu sína á lögum, reglum, tegundagreiningu, veiðiaðferðum og öðru sem varðar málefni veiðimanna. Með tilkomu þessa gagnagrunns er vonast til þess að verðandi veiðikorthafar komi betur undirbúnir til prófs sem og að reyndir veiðimenn geti uppfært þekkingu sína á málefnum sem varða veiðimenn með því að taka prufupróf á vefnum.

Þegar undirritaður tók við umsjón þessara tveggja námskeiða árið 2003 var fljótlega sett það markmið að samræma menntun skotveiðimanna hér á landi við það sem tíðkast í nágrannalöndunum. Þessu markmiði er ætlunin að ná í nokkrum skrefum og hafa þegar nokkur skref verið tekin sem færa okkur nær því. Má þar nefna samræmingu á lengd og framkvæmd námskeiðana – fram til ársins 2003 var ekki sjálfgefið að þeir sem sóttu um skotvopnaleyfi fengju sambærilega kennslu eftir því hvar á landinu þeir höfðu búsetu. Bóklegt námsefni er í dag orðið viðunandi og fyllilega sambærilegt við það sem þekktist í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Í heildina fer nemandi sem bæði fer á skotvopna og veiðikortanámskeið í gegnum 17 tíma kennslu sem skiptist á fjóra daga. Enn skortir því á að fá heimild til þess að lengja námskeiðin til þess að bókleg kennsla sé sambærileg við kennsluna í nágrannalöndunum. Í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi er kennslan yfirleitt ekki undir 30 bóklegum tímum. Í einhverjum tilfellum eru námskeiðin niðurgreidd af hinu opinbera í þessum löndum en hér á landi er gjaldi fyrir námskeiðin ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmdina.

Stefnan er að fá aukna gjaldtökuheimild fyrir námskeiðin hér á landi til þess að geta aukið bóklega kennslu til þess að hægt sé að bera saman menntun veiðimanna hér á landi við menntun kollega þeirra í nágrannalöndunum.

Hér er þá komið að tilgangi þessa erindis við skotþingið. Verðandi veiðikorthafar - veiðimenn – hér á landi, þurfa ekki að taka nein verkleg próf áður en þeir útskrifast af veiðikortanámskeiðinu eins og það er í dag. Í ótal samtölum við veiðimenn og ekki síst forsvarsmenn hinna ýmsu skotfélaga hér á landi kemur nánast einróma fram vilji til þess að auka menntun verðandi skotveiðimanna og ekki síst verklegan þátt menntunarinnar.

Undirritaður vill endilega fara fram á að skotþingið semji ályktun um afstöðu þess til verklegra prófa fyrir verðandi skotveiðimenn.

Ekki er annað að sjá en að óþarfi sé að gera lagabreytingu til þess að fá heimild til þess að leggja verkleg próf fyrir nemendur á veiðikortanámskeiðum. Í 5. kafla, laga nr. 64 frá 1994 segir orðrétt: „*Þeir sem stunda veiðar á villtum dýrum skulu hafa tekið próf um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða. Umhverfisstofnun heldur námskeið til undirbúnings hæfnisprófum. Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta gjald fyrir töku prófs um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða og fyrir námskeið til undirbúnings prófunum. Gjöld skulu aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu. Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar gjaldskrá fyrir próf og námskeið til undirbúnings hæfnisprófum.*“

Ekki leikur vafi á því í huga undirritaðs að verkleg próf á veiðikortanámskeiðum yrðu ein mesta lyftistöng síðari tíma fyrir skotfélög á landinu. Fram til þessa hafa um 600-750 manns sótt veiðikortanámskeið á hverju ári. Ef verkleg próf verða tekin upp segir það sig sjálft að nauðsynlegt yrði fyrir þennan hóp að stunda skotæfingar hjá skotfélögum áður en þeir útskrifast með veiðikort. Aðsókn að skotæfingasvæðum myndi því tvímælalaust stórukast og félagsstarfssemi félagana eflast.

Ekki eru uppi hugmyndir um að leggja verkleg próf fyrir aðra en þá sem sækja um veiðikort í fyrsta skipti. Vert er þó að nefna að í Noregi hafa verið tekin upp verkleg og árleg próf fyrir alla sem endurnýja veiðikortið sitt óháð því hvort þeir séu að hefja veiðar í fyrsta skipti eða hafi veitt áratugum saman.

Hvað framkvæmd þessara prófa snertir er hugmyndin sú að hún yrði alfarið í höndum skotfélaga. Umhverfisstofnun myndi tilnefna einn eða fleiri aðila hjá þeim skotfélögum sem búa yfir viðurkenndum skotæfingasvæðum og þessir aðilar myndu í samstarfi við Umhverfisstofnun sjá um framkvæmd verklegra prófa á veiðikortanámskeiðunum.

Innheimta gjalda fyrir verklega prófið yrði ennfremur í höndum skotfélaga. Tæki gjaldið væntanleg mið af eðlilegum kostnaði við próftökuna og vinnuframlagi þeirra aðila sem sjá um prófið fyrir skotfélögin.

Í dag er þegar til svokallaður samþykktargrunnur á vefnum sem allar lögreglustöðvar hafa aðgang að er og hýstur hjá Umhverfisstofnun. Í þessum samþykktargrunni samþykktir lögreglan fyrirfram alla sem hyggjast sitja skotvopnanámskeið. Með minniháttar breytingum á grunninum væri hægt að koma því þannig við að umræddir aðilar hjá skotfélögum hefðu aðgang að grunninum og myndu nota hann til þess að færa inn prófniðurstöður og fá yfirlit yfir alla sem sitja námskeiðin. Grunnurinn er læstur, en er aðgengilegur með aðgangsorði í öllum tölvum sem hafa netsamband.

Í dag er staðan sú að þeir sem fara á skotvopnanámskeið og sækja um byssuleyfi fá verklega þjálfun sem byggist á því að kynna fyrir þeim grundvallaratriði í meðferð skotvopna. Þessi verklega þjálfun er í mörgum tilfellum fyrstu kynni nemenda af skotvopnum og á því stigi ekki hægt að fara fram á að nemendur hafi öðlast færni í skotfimi.

Veiðikortanámskeiðin eru hinsvegar annað mál. Þau eru til þess ætluð að undirbúa nemendur fyrir það ábyrgðarhlutverk að gerast skotveiðimenn í íslenskri náttúru og þegar til veiða skal haldið er full ástæða til þess að gera kröfur um það að veiðimaður hafi öðlast ákveðna lágmarks færni. Það að veiðimaður sé fær um að aflífa bráð sína á mannúðlegan hátt er dýraverndarsjónarmið. Ein helsta ástæða þess að allir veiðimenn sem vilja endurnýja veiðikort sitt í Noregi þurfa að fara árlega í verklegt próf, eru auknar kröfur um að veiðimenn sendi ekki frá sér særd dýr og hafi góða þekkingu á meðferð skotvopna. Hér á landi er staðan hinsvegar sú að sá sem sækir um veiðikort þarf ekki að sitja námskeiðið, heldur má hann mæta beint í skriflegt próf og þarf að ná 75% árangri á því. Flestir sitja þó námskeiðin og taka próf að því loknu en samkvæmt reglugerð er ekki nauðsynlegt að sitja námskeiðið.

Veiðipróf í Svíþjóð skiptist í eitt skriflegt- og þrjú verkleg próf. Allir verða að taka skriflega prófið óháð því hvaða tegund skotvopns þeir sækja um. Verklegu prófin samanstanda hinsvegar af haglabyssuprófi, grunnprófi með ríffli og meiraprófi með ríffli. Ekki er ætlunin að móta á þessum tímum nákvæma framkvæmd verklegu prófana. Væntanlega yrðu verklegu prófin mótuð í samræmi við það sem hentar hér á landi og myndi þykja sambærilegt við það sem þekktist í nágrannalöndunum.

Umhverfisráðherra þarf að gefa samþykki sitt fyrir því að tekin verði upp verkleg próf fyrir verðandi skotveiðimenn. Ætlunin er því að leggja málið fyrir ráðherra innan skamms. Jákvæð afstaða skotþings til málsins myndi eflaust greiða fyrir framgangi þess og fer undirritaður því fram á að skotþingið taki afstöðu til þess að taka upp verkleg próf fyrir verðandi veiðikorthafa og semji stuttuð á ályktun sem Umhverfisstofnun myndi leggja fyrir ráðherra ásamt ítarlegri gögnum.

Sænska leiðin

Veiðipróf í Svíþjóð skiptist í eitt skriflegt- og þrjú verkleg próf

Allir verða að taka skriflega prófið óháð því hvaða tegund skotvopns sótt er um.

Verklegu prófin þrjú eru,

- haglabyssupróf,
- grunnpróf með ríffli
- meirapróf með ríffli.

•Verklegt haglabyssupróf

Verklega haglabyssuprófið byggist á eftirfarandi:

- 1. Öruggrí meðhöndlun haglabyssu
- 2. Fjarlægðarmati (Gæsir, endur 20 m, refur 15-30 m)
- 3. Leirdúfuskotfimi (6 dúfur, 2 skot hver, lágmark 4 hittar)

—4. Skotið á silúettu á hreyfingu (hægri, vinstri, hitta báðar)

• **Grunnpróf með riffli byggist á:**

—1. Öruggrí meðhöndlun riffils (ýmis próf)

—2. Nákvæmnisskotfimi (80 m, 12 og 17 sm grúppur sitjandi og standandi með stuðning – 4 skot)

• **Meirapróf með riffli byggist á:**

—1. Skotið á bæði kyrrt skotmark og skotmark á hreyfingu.

—2. Níu fjögurra skota sériur á silhúettu. 3 verða að vera viðunandi.

Bestu kveðjur, Einar Guðmann, Fræðslu- og upplýsingasviði Umhverfisstofnunar.

- **Tillögunni er vísað til Alsherjarnefndar sem þingskjali nr. 4**
- ***Þingforseti tilkynnir þinghlé og að starfsnefndir þingsins skuli taka til starfa.***

Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðsla um þær

Tillaga stjórnar um óbreytt kærugjald, þingskjal nr. 2

Jón S. Ólason leggur til fyrir hönd Alsherjarnefndar óbreytt kærugjald samkvæmt þingskjali nr. 2.

- **Tillagan er borin upp til atkvæða og er hún samþykkt samhljóða**

Tillaga um Fjárhagsáætlun STÍ 2008, þingskjal nr. 5.

Guðmundur Kr. Gíslason leggur til fyrir hönd Fjárhagsnefndar að tillagan verði samþykkt.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Tillaga um keppnis og félagaskiptagjald STÍ, þingskjal nr. 1

Guðmundur Kr. Gíslason leggur til fyrir hönd Fjárhagsnefndar að keppnis- og félagaskiptagjöld verði óbreytt samkvæmt tillögu á þingskjali nr. 1.

- **Tillagan er borin upp til atkvæða og er hún samþykkt samhljóða**

Tillaga frá Einari Guðmann um verklega þáttinn vegna skotvopnaleyfa, þingskjal nr. 4

Jórunn Harðardóttir leggur til fyrir hönd Alsherjarnefndar að tillaga samkvæmt þingskjali nr. 4. um verklega þáttinn við námskeiðahald vegna skotvopnaleyfa verði samþykkt og að stjórn STÍ fylgi málinu eftir í framkvæmd.

- **Tillagan er borin upp til atkvæða og er hún samþykkt samhljóða**

Tillaga um breytt fyrirkomulag á mótahldi STÍ, þingskjal nr. 3

Jón S. Ólason leggur til fyrir hönd Alsherjarnefndar að tillaga um breytt fyrirkomulag móta STÍ, samkvæmt þingskjali nr. 3 verði samþykkt.

- **Tillagan er borin upp til atkvæða og er hún samþykkt samhljóða**

Kosning formanns, tveggja manna í stjórn og eins í varastjórn

Guðmundur Kr. Gíslason greinir frá því að Steinar Einarsson formaður STÍ hafi hætt fyrirvaralust á stjórnarfundum í febrúar sl. Halldór Axelsson varaformaður hafi þá tekið við starfi formanns og gegni því nú.

Tillaga frá fráfarandi stjórn STÍ um formann

Halldór Axelsson, SR, tillaga um formann til 1 árs

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Tillaga frá fráfarandi stjórn STÍ um aðalstjórn og varamann.

Jón S. Ólason, SKA, tillaga um setu í aðalstjórn til 2ja ára
Guðmund Kr. Gíslason, SR, tillaga um setu í aðalstjórn til 2ja ára
Jóhann Norðfjörð, SFS, tillaga um setu í aðalstjórn til 1 árs
Jórunn Harðardóttir, SR tillaga um setu í varastjórn til 2ja ára

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Áfram sitja.

Kjartan Friðriksson, SR, aðalstjórn
Páll Reynisson, SFS varastjórn

Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

Tillaga um Skoðunarmenn reikninga.

Hilmar Á. Ragnarsson, SR
Jónas Hafsteinsson, ÍFL

Varamenn.

Sigfús Tryggvi Blumenstein, SR
Hannes Haraldsson, SFK

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Tillögur um nefndir STÍ.

Kosning þriggja manna í mótanefnd STÍ og þriggja til vara.

Guðmundur Kr Gíslason, SR
Jóhann Norðfjörð, SFS
Kjartan Friðriksson, SR

Varamenn:

Kári Grétarsson, SÍH
Steindór Hr. Grímarsson, SFK
Guðmundur H. Brynjarsson, SA

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Kosning þriggja manna í dómaranefnd STÍ og þriggja til vara.

Ívar Erlendsson, SÍH
Steinar Einarsson, SFK
Guðmundur Kr. Gíslason, SR

Varamenn:

Halldór Axelsson, SR
Áki H. Garðarsson, SA
Ingibjörg Ásgeirsdóttir, ÍFL

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Kosning þriggja manna í aganefnd STÍ og þriggja til vara.

Jón S. Ólason, SKA
Hilmar Á. Ragnarsson, SR
Halldór Axelsson, SR

Varamenn:

Einar Guðmann, ÍSA
Guðmundur H. Brynjarsson, SA
Páll Reynisson, SFS

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Kosning þriggja manna í ritnefnd STÍ og þriggja til vara.

Guðmundur Kr. Gíslason, SR
Einar Guðmann, ÍSA
Kjartan Friðriksson, SR

Varamenn:

Bragi Þór Jónsson, SR
Örn Valdimarsson, SÍH
Halldór Axelsson, SR

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Önnur mál.

Jón S. Ólason tekur til máls og fer yfir væntanlega breytingu Vopnalaga. Hann greinir frá því að það hafi verið löng og erfið barátta að halda inni réttindum varðandi skotíþróttina. Mikil vinna sé enn eftir og að málefni skotíþróttarinnar séu í góðum farvegi. Hann tekur fram að í tillögunum sé gert ráð fyrir að lækka aldur þeirra sem mega stunda skotíþróttir. Þá fagnar hann tillögum frá Einari Guðmann um breytingar á verklega þættinum vegna skotvopnaleyfa og telur þær vera sóknarfæri fyrir skotfélögin í landinu.

Þingforseti lýsir eftir umræðum.

Nokkrar umræður eru úr sal um ýmis málefni skotíþróttarinnar.

Heiðursveitingar.

Jón S. Ólason tekur til máls.

Hann segir að á þinginu séu tveir heiðursmenn þeir Axel Sölvason og Jóhannes Christensen. Stjórn STÍ hafi ákveðið á síðasta stjórnafundi að heiðra þá með gullmerki STÍ nr. 1 og 2.

Jón S. greinir frá því að Axel Sölvason sé fyrsti formaður STÍ, sem var stofnað árið 1979, og hafi m.a. verið fyrsti íslenski skotmaðurinn sem keppt hafi á erlendri grund. Hann hafi öðlast alþjóða réttindi í dómgæslu í skotíþróttum og hafi lengi starfað í þágu skotíþróttarinnar á Íslandi.

Jón S. greinir frá því að Jóhannes Christensen hafi um langt árabil starfað fyrir skotíþróttina í landinu. Hann hafi setið í stjórn STÍ um árabil og hafi verið einn þeirra sem endurvöktu reglulega starfsemi Skotfélags Reykjavíkur 1950. Jóhannes kom að stofnun Skotfélags Hafnarfjarðar og að hann á mestan þátt í að koma loftbyssugreinunum í gang á Íslandi.

Viðurkenningar fyrir Íslandsmet.

Guðmundur Kr. Gíslason veitir viðurkenningar fyrir Íslandsmet sem sett voru á sl. tímabili. Þau sem hljóta viðurkenningar eru: Guðbjörg Perla Jónsdóttir, Guðmundur H. Christensen, Jórunn Harðardóttir, Ásgeir Sigurgeirsson, Íris Eva Einarsdóttir og Skúli Sigvaldason.

Þingforseti gefur orðið laust.

Hilmar Á. Ragnarsson formaður SR tekur til máls. Hann þakkar fráfarandi stjórn STÍ vel unnin störf fyrir skotíþróttina á sl. misserum. Hann ræðir miklar breytingar sem hafa orðið á þingstörfum STÍ og hve ánægjulegt sé orðið að koma á þing og að það sé mikil breyting frá því sem áður var.

Axel Sölvason þingforseti tekur undir orð Hilmars og segir þetta þing hafi verið mjög þrúðmannlegt og óskar nýrri stjórn velfarnaðar.

- **Þingforseti lýsir þingi slitið.**

Þingritari:

Kjartan Friðriksson

Þingforseti:

Axel Sölvason